

Alþingi
Erindi nr. P 141/719
komudagur 26.11.2012

Reykjavík 21. 11. 2012

Nefndarsvið Alþingis.

Umsögn stjórnar Prestafélags Íslands um frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 364. mál.

Stjórn Prestafélags Íslands telur að ekki séu færð haldbær rök fyrir afnámi á þeirri skyldu forstöðumanns að veita opinberum starfsmanni skriflega áminningu áður en honum er veitt lausn frá embætti vegna brota í starfi. Í frumvarpinu er vísað á óljósan hátt til hins almenna vinnumarkaðar í þessum efnum en ekki eru færð nein dæmi um hvernig stjórnunarhættir fyrirtækja á almennum markaði geta komið til móts við þá gagnsæu stjórnsýslu sem viðhöfð hefur verið og felst í því að skriflegar áminningar séu ófrávíkjanager undanfari þess að víkja manni úr embætti vegna brota í starfi.

Stjórnin telur hins vegar að í frumvarpinu geti falist þau nýmæli að hægt sé að víkja manni úr embætti ef hann uppfyllir ekki þær kröfur sem af starfinu leiðir eða hættir að geta sinnt embættinu án þess að það sé hægt að segja að hann beri sök á því eða hafi gerst brotlegur í starfi. Stjórnin telur að búa þurfi um það ferli í samræmi við önnur ákvæði laga um opinbera starfsmenn og styður frumvarpið hvað það varðar.

Í greinagerð kemur fram að hvatinn að flutningi frumvarpsins sé að færa stöðu embættismanna til samræmis við stöðu stjórnenda á almennum vinnumarkaði. Í því sambandi minnir stjórn PÍ á að starfskjör stjórnenda í fyrirtækjum á almennum markaði eru með allt öðrum hætti. Telur stjórnin að í gegnum tíðina hafi það hamlað eðlilegri launaþróun opinberra starfsmanna að þeir njóta góðrar verndar í lögum um réttindi og skyldur. Ef það er vilji flutningsmanna að afnema þann ramma í lögum með þeim rökum sem fram koma í greinagerð hlýtur það að leiða til eðlilegrar kröfu embættismanna um sambærileg kjör við þá sem vísað er til, þar með talið árangurstengd starfskjör, sérkjör við hlutabréfakaup, starfslokasamninga, launaleynd hlutafélaga o.fl. sem þykja sjálfsgöð kjör á almennum vinnumarkaði.

f.h. stjórnar PÍ,

Virðingarfyllst

Kristján Björnsson, kjaramálafulltrúi PÍ.